

Ed.

386. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 44 frá 26. maí 1938, um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, og laga nr. 106 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Páll Zóphóniasson.

1. gr.

Lög nr. 44 frá 26. maí 1938, um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, og lög nr. 106 frá 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Með lögum þeim, sem hér er lagt til að nema úr gildi, var ríkisstjórninni heimilað að leyfa Hafnarfjarðarkaupstað að leggja allt að 50% á farþegagjöld milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og skyldi sú upphæð, er þannig fengist, renna í bæjarsjóð Hafnarfjarðar og koma á móti þeim tekjumissi, er bærinn varð fyrir við að mega ekki leggja útsvör á útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa.

Þegar er þessi lög voru sett, taldi ég þau ranglát, og óréttmætt að afla bæjarsjóði tekna á þennan hátt. Nú hefur verið samþykkt breyting á tekju- og eignarskattslögnum, og hefur Hafnarfjarðarkaupstaður því hér eftir fullt leyfi og fulla skyldu til að leggja á útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa útsvar, eins og aðra gjaldendur, og er því sú tylliástæða, sem á sínum tíma var talin orsök til þess, að þetta frumvarp var samþykkt á Alþingi, fallin úr gildi og forsendur fyrir þörf laganna því ekki lengur til. Í ár munu einstök útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa líka greiða hærra útsvar í bæjarsjóð hvert fyrir sig en nemur samlögðum þeim aurum, er bænum hafa hlotnast af fargjöldunum frá þeim, er þurft hafa að ferðast milli kaupstaðanna og ekki haft efni á að ferðast í „prívatbilum“.